



Minnisblað til Fræðslunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Áætlun um hinsegin fræðslu

Dags: 2. febrúar 2023

Málsnúmer: 202211093/1.21

Málsmeðferð: Til umfjöllunar og samþykktar

Starfsmaður: Gunnhildur Sæmundsdóttir, Jóhanna Magnúsdóttir og Ragnheiður Axelsdóttir

Tillaga:

Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar leggur til að sviðið fái heimild til að leita samninga við Samtökin 78 um fræðslu og ráðgjöf um hinsegin málefni í skólum og öðrum starfsstöðum sem tilheyra sviðinu. Samningurinn spanni þrjú ár og taki til allra hagaðila.

Greinargerð:

Fræðslu- og frístundasvið hefur skoðað leiðir til að gera markvissa áætlun um fræðslu um hinsegin málefni í skólum og öðrum stofnunum sem heyra undir sviðið, í samræmi við ákvörðun fræðslunefndar á 413. fundi:

„Fræðsluvið, í samvinnu við bæjarstjóra, skólastjórnendur og aðra hagaðila, mun gera áætlun um markvissa fræðslu um hinsegin málefni. Leitað verður til Samtakanna 78 og annarra aðila sem eru að vinna að þessu málefni við gerð áætlunarinnar. Áætlunin verður kynnt í fræðslunefnd þegar hún liggur fyrir.“

Haft var samband við Samtökin 78 og kannað hvort og þá hvernig hægt væri að gera samning við þau um fræðslu. Samtökin hafa reynslu af samstarfssamningi við sveitarfélög líkt og hér er leitað eftir. Uppsetning og innihald slíkra samninga er þó mismunandi, má þar nefna að sum sveitarfélög hafa gert samninga sem taka eingöngu til starfsfólks í leik- og grunnskólum, frístund og félagsmiðstöðvum, ásamt fræðslu fyrir valda árganga. Hér er hins vegar verið að leggja til víðtæka fræðslu og samráð við alla hagaðila.

Markmið með fræðslu um hinsegin málefni er að skólasamfélagið öðlist þekkingu á hinsegin málefnum og taki frumkvæði að því að ræða fjölbreytileikann í sinni víðustu mynd.

Áætlunin spannar þrjú ár og myndi í stuttu máli innihalda eftirfarandi:

1. Fræðsla fyrir starfsfólk grunnskóla og frístundaselja.
2. Fræðsla fyrir starfsfólk leikskóla.
3. Fræðsla til skólastjórnenda og annarra forstöðumanna.
4. Fræðsla til starfsfólks félagsmiðstöðva.
5. Fræðsla til starfsfólks íþróttamiðstöðva.
6. Fræðsla til starfsfólks Listaskólans.
7. Fræðsla til nemenda í 3. árgangi.
8. Fræðsla til nemenda í 6. árgangi.
9. Fræðsla til nemenda í 9. árgangi.
10. Fræðsla fyrir forráðamenn.
11. Fræðsla fyrir starfsfólk æskulýðs- og íþróttafélaga.
12. Ráðgjöf Samtakanna 78 í einstaka málum.
13. Annað.



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Nánari útfærsla fyrir hvert ár er í smíðum en gert er ráð fyrir að almennt séu ekki fleiri en 25-30 starfsmenn í hverri fræðslu og það sama á við um nemendahópa. Fræðsla til foreldra getur verið fjölmennari en þó að einhverju leyti eftir aldurstigum. Lagt er upp með að á fyrsta ári áætlunarinnar verði fræðsla til allra ofangreindra hópa og svo á ári tvö og þrjú er fræðsla til nýrra starfsmanna og annarra hagaðila. Fræðsla og ráðgjöf til nemenda yrði þó árlega.

Skólastjórnendur leik-, grunn- og Listaskóla, forstöðumenn félagsmiðstöðva og íþróttamiðstöðva funduðu með fræðslu- og frístundasviði þann 2. febrúar sl. Þar sem farið var yfir mögulegan samning og áætlun. Fundarmenn töldu svona samning og áætlun tímabæra og lýstu yfir ánægju sinni með það að gera samning við Samtökin 78 í þeirri mynd sem hér að ofan er lýst.

Kostnaður, miðað við umfang og fjölda þátttakanda, gæti verið í kringum 2,0 til 2,5 milljónir á ári ef tekið er mið af sambærilegum samningum og óformlegu samtali við samtökin. Fræðslu- og frístundasvið telur að kostnaðurinn rúmist innan fjárhagsáætlunar fyrir haustið '23 en gera þarf ráð fyrir fjármagni í áætlunum '24 og '25, verði tillagan samþykkt:

Virðingarfyllst,

Linda Udengård
Framkvæmdastjóri fræðslu og frístundasviðs